

**Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 11. október 2022 vegna auglýsinga á tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna Kjalarnes, Jörfi/Norðurgrund.**

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna Kjalarnes, Jörfi/Norðurgrund, birtist í Fréttablaðinu á morgun, miðvikudaginn 12. október 2022. Tillagan er í kynningu frá 12. október 2022 til og með 23. nóvember 2022. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/kjalarnes-jorfinordurgrund>

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 10. ágúst 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 18. ágúst 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Grundarhverfis á Kjalarnesi. Í tillögunni felst uppbygging á íbúðarhúsnæði og nýjar lóðir skilgreindar innan íbúðarsvæðis ÍB57 skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Um er að ræða uppbyggingarmöguleika á níu lóðum allt að 81 íbúðum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **12. október 2022 til og með 23. nóvember 2022**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 23. nóvember 2022**. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

mkv.

**Þuríður Guðmundsdóttir**

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

[thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is](mailto:thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is)



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík  
[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)